

## Breytingar á skattalögum: það sem betur má fara

Lagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um veigamiklar breytingar á skattkerfinu hefur í aðalatriðum verið vel tekið af félagsmönnum SI. Breytingarnar hafa að markmiði að laga skattaumhverfi fyrirtækja hérlendis ekki síst vegna aukinnar skattasamkeppni milli landa.

Skattbreytingarnar eiga að draga úr „fælingaráhrifum“ skattkerfisins á hinn hreyfanlega skattstofn – fyrirtæki og fjármagn – og laða hann frekar til landsins. Breytingarnar má flokka í fjóra meginþætti. Í fyrsta lagi er breyting á skattahlutföllum og viðmiðunarfjárhæðum. Tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18%, eignarskattur lækkar úr 1,2% af stofni í 0,6%, sérstakur eignarskattur er afnuminn, tryggingagjald hækkar úr 5,23% í 6,0% og viðmiðunarmörk fyrir eign- og hátekjuskatt hækka. Í öðru lagi er verðbólguleiðrétting í skattskilum afnumin til að gera bókhald hérlendis eins og það er annarsstaðar. Í þriðja lagi er einstaklingum í

atvinnurekstri auðveldað að færa rekstur sinn yfir í einkahlutafélag. Í fjórða lagi verður fyrirtækjum gert kleift að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt.

Neðangreind tafla sem Samtök atvinnulífsins hafa tekið saman sýnir áætluð áhrif skattabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Þrátt fyrir að markmið ríkisstjórnarinnar sé jákvætt hafa við nánari skoðun komið fram miklir gallar á frumvarpinu sem verður að laga áður en það verður að lögum.

Umsögn Samtaka atvinnulífsins um frumvarpið, sem Samtök iðnaðarins tóku þátt í að móta, fjallar um hvað betur má fara. Hér er fjallað um tvö megin atriði umsagnarinnar.

### HÆKKUN TRYGGINGAGJALDS LENDIR Á ATVINNULÍFINU

Það sem hefur vakið mesta ónægju félagsmanna SI er hækkun tryggingagjalds. Þeir eru margir í vinnuafslökum rekstri og hafa lítið svigrúm til þess að velta

*framhald á bls. 3*

### Meðal efnis:

Hver borgar brúsann?  
*Ritstjórnargrein* 2



Afstaða SI til vinnustaðakennslu  
*59. þing Iðnnemasambandsins* 4

Samstarfsvettvangur um framleiðni-  
aukandi aðgerðir 6

Fræðsludagur í boði SI 8

Fyrsta starfsárið  
*Starfsafl og landsmennt* 10

Nauðsyn að ræða inngöngu í ESB 12




Mikill ávinningur af gæðastjórnun 13



Framtíð nýsköpunar í norrænni  
matvælaframleiðslu 15



Fyrirhuguð djúpbörun á Íslandi  
*Orkuþing 2001* 16



Félög	M.kr.	Einstaklingar	M.kr.
Lækkun tekjuskatts	-2.700	Lækkun tekjuskatts	-1.250
Afnám sérstaks eignarskatts	-400	Afnám sérstaks eignarskatts	-400
Lækkun eignarskatts	-1.100	Lækkun eignarskatts	-2.000
Afnám verðbólguleiðréttinga	0	Hækkun fríeignamarks	-1.000
Hækkun tryggingagjalds	2.500	Hækkun frítekjumarks í sérstökum tekjuskatt	-600
		Niðurfelling skattlagningar húsaleigubóta	-150
<b>Samtals</b>	<b>-1.700</b>	<b>Samtals</b>	<b>-5.400</b>

# Hver borgar brúsan?

**Undirritaður er einn þeirra sem hefur undanfarin ár fylgst með breytingum á íslenskum fjármagnsmarkaði og fagnað í einlægni þeim framförum sem þar hafa orðið í átt til aukins frjálsræðis og samkeppni. Hef í lengstu lög viljað trú á því að með sömu og svipuðum starfsskilyrðum og galopnu hagkerfi myndum við fara að haga okkur eins og aðrar þjóðir sem við viljum bera okkur saman við, versla við og keppa við.**

## FJARLÆG FRAMTÍÐARSÝN

Við myndum þá einnig í framtíðinni búa við svipaðan stöðugleika í verðlags- og gengismálum, svipað vaxtastig og bankahljónustu o.s.frv. Undirritaður á þessa dagana æ erfiðara með að sjá þennan draum rætast. Íslenska krónan heldur áfram að falla þó að hún sé nú orðin lægra metin en verið hefur um áratuga skeið. Vextirnir eru tvö- til þrefaldir á við nágrennalöndin og álagning bankanna ofan á himinháa grunnvexti hækkar stöðugt.

## TALNALEIKUR

Í viðtali við viðskiptablað Mbl. 15.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR  
11. töl. Nóvember 2001  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 20.11. 2001  
Prentvinnsla: Prenttækni hf.  
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.  
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík  
Sími: 511 5555, fax: 511 5566  
Kennitala 511093-2019  
www.si.is, e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjafi: Páll Ólafsson

Fjölmiðlum er fjálsst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

nóvember sl. reyndi talsmaður bankanna, Guðjón Rúnarsson, með talnaleikfimi að slá því upp að vaxtamunur fari hér lækkandi, en vel að merkja, sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Ekki var sá málflutningur sannfærandi.

Undanfarin ár hafa efnahagsreikningar banka og lánastofnana þanist út vegna endurlána og alls konar fjárfestinga í hlutabréfum innan lands og utan, sem ekki bera vexti og reyndar ekki arð heldur um þessar mundir. Ef banki tekur lán til hlutabréfakaupa þá leiðir það sem sagt til þess að reiknaður vaxtamunur minnkar vegna þess að vaxtakostnaður bankans eykst og deilitalan, niðurstöðutala efnahagsreiknings, stækkar. Er þetta frambærilegur málflutningur?



## FRÉTT FRÁ LANDSBANKANUM

Nú vill svo skemmtilega til að daginn eftir viðtalið góða birtist í sama blaði frétt af níu mánaða uppgjöri Landsbankans þar sem eftirfarandi kom fram: „Gengistap af hlutabréfum nam 1.610 milljónum króna og eru umskiptin frá fyrra ári um tveir milljarðar króna, en á sama tímabili í fyrra nam gengishagnaður af hlutabréfum 424 milljónum króna. Vaxtatekjur jukust u.þ.b. sem samsvarar aukningu á gengistapi af hlutabréfum og koma þar til aukin áhrif af verðbólgu, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Landsbankanum.“ Í annari frétt sagði: „Hreinar vaxtatekjur bankans jukust um 44% eða 1.892 milljónir króna í samanburði við fyrstu níu mánuði ársins 2000.“ Þarf frekari vitna við? Lántakendur eru umsvifalaust látnir greiða tapið af hlutabréfaeign bankans.

## GAMALKUNNUG STADA

Það er ekki einasta að efnahagsástandið sé farið að minna óþægilega á gamla tíma heldur virðast vinnubrögð öflugra og markaðsráðandi fyrirtækja líka minna á gamla tíma. Útrás og jafnvel innrás ungra og djarfra fjármálasnillinga hefur að undanförunni verið að bíða umtalsvert skipbrot og reikningurinn vegna tapsins er

sendur þráðbeint til lítilla og meðalstórra fyrirtækja og heimilanna í landinu.

## EINKENNILEG SAMKEPPNI

Það er nefnilega mikill misskilningur sem fram kemur í fréttinni sem áður er vitnað til að: „Íslenskir bankar séu ekki einungis í samkeppni innbyrðis heldur einnig við erlendar lánastofnanir.“ Staðreyndin er sú að samkeppnin nær ekki til nema allra stærstu viðskiptaaðila þessara stofnana. Þeir sem búa við raunverulega samkeppni þurfa ef til vill ekki að greiða reikninginn vegna misheppnaðra fjárfestinga lánastofnana en þeim mun meira kemur í hlut hinna, sem þurfa að taka við því sem að þeim er rétt. Þeir fá tilkynningar um 100 punkta vaxtahækkun án skýringa og engum dettur í hug að þeir kvartu þó gíróseðillinn hækki um 58% á réttum tveim árum.

## ÁHÆTTA Á KOSTNAÐ ANNARRA

Það er umhugsunarefni hversu mörg af stærstu og öflugustu fyrirtækjum okkar hafa hella sér út í fjárfestingu í hlutabréfum og orðið að stórum hluta hlutabréfasjóðir. Munurinn er bara sá að þegar verðfall verður á hlutabréfamörkuðum, þá taka eigendur venjulegra hlutabréfasjóða á sig skellinn en þegar skipafélög, olúfélög eða bankar eiga í hlut þá reyna eigendurnir að sjálfsögðu að láta aðra bera skaðann og það er því miður víða hægt þar sem samkeppnin er ekki til trafala.

*Sveinn Hannesson*



## Breytingar á skattalögum: það sem betur má fara

Framhald af forsiðu

auknum kostnaði út í verðlagið. Samkvæmt frumvarpinu hækkar tryggingagjald um 0,77% frá áramótum 2003 og á að skila ríkissjóði 2.500 m.kr. tekjuauka. Breytingar á skattlagningu fyrirtækja eru settar fram sem ein heild og er þessi hækkun gerð til að auka svigrúm til lækkunar á tekju- og eignarsköttum. Lækkun skatta á fjármagn og hækkun skatta á vinnuafl mun stuðla að auknum þjóðhagslegum sparnaði og betri nýtingu vinnuafls.

Í frumvarpinu kemur fram að reiknað er með að þrír fjórðu hlutar hækkunar gjaldsins falli á atvinnulífið. Það er hins vegar ljóst að öll upphæðin muni gera það. Þetta kallar á endurkoðun á fyrirhugaðri hækkun tryggingagjaldsins.

### BREYTA VERÐUR REGLUM UM FYRNINGAR UM LEIÐ OG VERÐBÓLGUREIKNINGSSKIL ERU AFNUMIN

Afnám verðbólgureikningsskila mun gera bókhald íslenskra fyrirtækja sambærilegt því sem gerist í nágrannaríkjum okkar. Slíkt eykur líkur á að erlent fjármagn verði í auknum mæli sett í íslenska atvinnustarfsemi. Sá galli er á gjöf Njarðar að afnám þessara leiðréttingar mun að óbreyttu leiða til aukinna skatta á fyrirtækin vegna þess að verðbólga rýrir fyrningargrunna og söluhagnaður eignar verður meiri.

Eins og eftirfarandi tafla Samtaka atvinnulífsins sýnir getur afnám verðbólgu-reikningsskila leitt til mun hærri skattgreiðslna á komandi árum og jafnvel vegið upp allt skattalegt hagræði annarra skattbreytinga, meira að segja þótt verðbólgu-markmið Seðlabankans náist. Verði verðbólgan hærri vaxa skattatekjur sem

því nemur. Við slíkar aðstæður væri hugsanlegt að gera undanþágu og leyfa verðbólgu-reikningsskil vegna skattlegrar meðferðar, þótt verðbólgu-reikningskilin sjálf séu afnumin í bókhaldi.

### Aukning árlegra skatttekna ríkissjóðs vegna minni afskrifta í verðbólgu, eftir 12 ár

Verðbólga	Skattaauki ríkissjóðs
2½%	1.700 milljónir króna
5%	2.900 milljónir króna
10%	4.500 milljónir króna

Ef verðbólgu-markmið Seðlabankans næst á komandi árum, eins og fastlega er búist við, er vænlegasta leiðin til að sporna við þessum neikvæðu áhrifum sú að uppfæra fyrningarreglur og samræma þær því sem gerist í þorra viðskiptalanda okkar. Í því samhengi má einnig benda á að þegar verðbólgu-leiðréttingar voru teknar upp voru fyrningarhlutföll lækkuð. Við afnám verðbólgu-leiðréttinga er því eðlilegt að þau verði hækkuð á ný. Það er hins vegar ekki nóg að hækka afskriftarhlutföll. Það þarf einnig að heimila stíglækkandi afskriftir og leyfa fyrirtækjum að velja á milli línulegra og stíglækkandi afskrifta. Að auki þarf að breyta stofnverði eigna með verðbreytingarstuðli við útreikning söluhagnaðar eins og gert er í nágrannaríkjum okkar. Þannig má draga úr áhrifum verðbólgu á rekstur fyrirtækja eftir að verðbólgu-reikningsskil hafa verið afnumin og gera bókhald íslenskra fyrirtækja fyllilega sambærilegt því sem gerist annarsstaðar.

*Þorsteinn Þorgeirsson*

## „Leppun“ er brot á lögum nr. 42/1978 iðnaðarlögum

Í héraðsdómi Austurlands hefur verið kveðinn upp dómur í máli sem snertir rekstur á hársnyrtistofu án réttinda og „leppun“ meistara.

Málavextir voru þeir að samkvæmt beiðni sendu Samtök iðnaðarins kærur vegna þessarar ákveðnu stofu. Í kærunni kom fram að einstaklingur væri að reka hársnyrtistofu án þess að hafa fengið útgefið sveinsbréf, eða meistarabréf í hársnyrtið og án þess að hársnyrtistofan væri í raun rekin undir forstöðu meistara.

Jafnframt var meistari kærður fyrir að hafa heimilað rekstur á framangreindri stofu í skjóli meistararéttinda sinna, án þess að hafa í raun haft nokkra forstöðu með rekstrinum, þ.e. að hafa í raun verið leppur á þessum rekstri.

Hinn ófaglærði viðurkenndi sök og var dæmdur til að greiða kr. 40.000 í sekt ásamt sakarkostnaði, þ.m.t. málskostnaður vegna verjanda.

Meistarinn mætti ekki fyrir réttinn og mat dómurinn þá fjarveru til jafns við viðurkenningu á broti því sem honum var gefið að sök í ákæru og samræmdist öðrum gögnum málsins.

Fyrir þetta ólögmeta athæfi að „leppa“ stofuna var meistarinn dæmdur til að greiða kr. 40.000 í sekt.

*Ólafur Helgi Árnason*

## Iðnþing SI 2002

Iðnþing Samtaka iðnaðarins verður haldið 15. mars nk. í Versölum, Hallveigarstíg 1. Dagskrá Iðnþings verður birt í febrúarblaði Íslensk iðnaðar og á vefsíðu Samtakanna si.is

# Afstaða SI til vinnustaðakennslu

## Úr ræðu Sveins Hannessonar á 59. þingi Iðnnemasambands Íslands

Á þingi Iðnnemasambands Íslands, sem haldið var í lok október, flutti Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, erindi um ábyrgð atvinnulífs og stjórnvalda á vinnustaðanámi. Hér eru birtir kaflar úr ræðunni sem fjalla um áherslur SI varðandi breytingar á vinnustaðakennslu.

### HVER SKAL KOSTA STARFSÞJÁLFUN?

Á undanförunum árum hafa fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins, t.d. í prent- og málmíðnaði, haft vaxandi áhyggjur af fyrirkomulagi vinnustaðakennslu og óljósri ábyrgð á framkvæmd hennar. Það er ekki tilviljun að það er einmitt í þeim greinum þar sem tækniþróunin er örust sem þetta er vandamál. Sum fyrirtæki greiða háar fjárhæðir og leggja metnað í kennslu nema á vinnustað meðan önnur taka hér engan þátt en bíða eftir að ná til sín fólki sem er að útskrifast. Í sumum tilvikum annast t.d. prentfyrirtæki kennslu iðnnema sem fara síðan strax að vinna hjá plastfyrirtæki. Prentfyrirtækið hefur lagt út kostnað fyrir náminu sem plastfyrirtækið nýtur góðs af. Hver á að kosta starfsþjálfun nema sem fer að vinna verslunar- eða þjónustustörf að námi loknu?

### SKIPULAG VINNUSTAÐANÁMS Í ÓLESTRI

Í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um iðn- og starfsnám og að námið skiptist í skólanám og nám á vinnustað. Menntamálaráðuneytið hefur skólanámið undir smásjá. Gerðar eru skýrar kröfur hvað varðar húsnæði til kennslu, námskrár og námsefni. Vinnustaðanámið er hins vegar á allt öðru róli. Skipulag og framkvæmd vinnustaðakennslu er í ólestri og það bitnar fyrst og fremst á þeim sem kennslan á að þjóna: Iðnnemum og þeim fyrirtækjum, sem þeir fara að vinna hjá að námi loknu. Það er undir hælinn lagt hvort neminn hefur að loknu námi fengið þá menntun og þjálfun á vinnustað sem hann þarf og á rétt á.

Þessi mynd sem dregin er upp er ekki falleg og það er ástæðan fyrir því að Samtök iðnaðarins settu haustið 2000 á laggirnar vinnuhóp fulltrúa allmargra iðn-

greina, bæði innan og utan SI, til að greina vandann og gera tillögur til úrbóta.

### 264 MILLJÓNIR KRÓNA

Í skýrslu vinnuhópsins kemur fram að miklum fjármunum er varið til vinnustaðakennslu, eða um 264 milljónum króna á ári.

Það veldur vissum vanda að kostnaður við þjálfun nema leggst mjög misjafnt á fyrirtækin. Hingað til hefur verið óljóst hver skuli bera þennan kostnað: Einstök fyrirtæki, einstakar iðngreinar, atvinnulífið í heild eða ríkissjóður.

Í stuttu máli er vandinn tvenns konar:

- Sum fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðanámi en önnur taka ekki nema. Þetta skekkir samkeppnisstöðuna. Hvernig á að jafna þennan mun?
- Ábyrgð fyrirtækjanna á þjálfun og kennslu er óljós. Hætt er við því að iðnnemar fái mismunandi og misgóða kennslu við núverandi aðstæður.

Iðnsveinar starfa ekki endilega hjá þeim fyrirtækjum þar sem þeir voru á samningi heldur nýtist þekking þeirra og þjálfun einnig hjá öðrum fyrirtækjum í atvinnulífinu. Útgjöld vegna vinnustaðakennslu deilast þar með ójafnt á fyrirtæki og starfsgreinar og því er nauðsynlegt að jafna þau. Ábyrgð á vinnustaðanámi er alls atvinnulífsins en ekki einstakra atvinnugreina eða fyrirtækja.

### TILLÖGUR Í BYRJUN NÆSTA ÁRS

Tillaga starfshópsins að lausn á vanda vinnustaðanáms er í samræmi við þetta:

- Starfshópurinn ítrekar að yfirvöld menntamála bera ábyrgð á vinnustaðaðþjálfun með sama hætti og þau bera ábyrgð á öðru framhaldsskólanámi. Starfshópurinn leggur til að atvinnurekendum leiti samninga við stjórnvöld um að taka þátt í fjármögnun vinnustaðakennslu.



Í framhaldi af þessari niðurstöðu skipaði menntamálaráðherra vinnuhóp til að

- a) að gera tillögur um þá meginþætti málsins sem nauðsynlegt er að ráðuneytið og Samtök iðnaðarins fjalli um sameiginlega,
- b) og gera tillögur um leiðir til að koma þeim þáttum í framkvæmd sem aðilar verða sammála um.

Vonir standa til að vinnuhópurinn skili snemma á næsta ári tillögum um nýtt fyrirkomulag vinnustaðanáms. Ráðherra mun á grundvelli þeirra ákveða til hvaða aðgerða verður gripið. Samtök iðnaðarins munu fylgja málinu eftir.

Þótt enn sé of snemma að tala um hver niðurstaðan verður er ljóst að gerð verður tillaga um einhvers konar samábyrgð menntamálaráðuneytisins og atvinnulífsins á fyrirkomulagi vinnustaðakennslu.

### UM TANNLÆKNABOR OG RENNIBEKK

Nýtt fyrirkomulag mun fela í sér ávinnung fyrir fyrirtækin og iðnnemana.

- 1) Til verður sjóður sem veitt er úr til þeirra fyrirtækja sem taka nema.
- 2) Mismunandi ábyrgð fyrirtækja og iðn-



greinaflokka á vinnustaðakennslu verður þannig jafnað út.

- 3) Fyrirtæki fá ekki leyfi til að taka nema að uppfylltum vissum skilyrðum.
- 4) Gæði vinnustaðanáms aukast. Nemar fá markvissari kennslu.

Það sem er aftur enn óljóst er hvernig nákvæmlega þetta verður fjármagnað. Þróunin er hins vegar greinilega í þá átt að annað hvort verður þessi kostnaður lagður á atvinnulífidi í heild, t.d. sem hluti tryggingargjalds, eða þá að greiðslurnar verða hluti af útgjöldum ríkissjóðs vegna menntamála rétt eins og kostnaður við hvert annað nám í landinu. Af hverju ætti ríkið að greiða fyrir kennslu á tannlækna- bor en ekki á tölvustýrðan rennibekk?

## Áhrif reiknilíkans á verk- og tækni- menntun á háskólastigi hér á landi



Frummælendur f.v. Guðbrandur Steinþórsson, Davíð Lúðvíksson, Gísli Þór Magnússon, Sigurður Brynjólfsson og Bergþór Þormóðsson fundarstjóri.

**Hagsmunafélag um eflingu verk- og tækni menntunar efndi nýlega til félagsfundar um reiknilíkan það sem menntamálaráðuneytið leggur til grundvallar fjármögnun háskólastigsins. Flutt voru fjögur erindi sem skýrðu vel kosti og galla líkansins og í lok fundarins var samþykkt ályktun til stjórnvalda.**

Frummælendur voru þeir Gísli Þór Magnússon, menntamálaráðuneytinu, Sigurður Brynjólfsson, deildarstjóri verkfræðideildar Háskóla Íslands, Guðbrandur Steinþórsson, rektor Tækniskóla Íslands, og Davíð Lúðvíksson, verkfræðingur, starfsmaður Samtaka iðnaðarins.

Undanfarin ár hefur menntun í tækni- greinum nokkuð verið til umræðu, ekki síst vegna krafna um að Tækniskólanum verði sköpuð sambærileg rekstrarskilyrði og tíðkast í öðrum löndum. Þetta varð m.a. kveikjan að því að menntamálaráðuneytið og aðilar á vinnumarkaðinum tóku höndum saman um að gera tilraun til að breyta rekstrarformi Tækniskólans. Niðurstaða þeirrar samvinnu varð þó sú að ekki náðist samkomulag um fjárhagslegar forsendur sem hvorir tveggja gátu sætt sig við. Reiknilíkanið var meðal þess sem bar í milli þar sem það tekur ekki á öllum þeim kostnaðarþáttum sem vega þungt í rekstri tækniháskóla.

Frummælendur voru þeirrar skoðunar að reiknilíkanið hefði ýmsa kosti en ókost-

irnir væru einnig margir. Kostirnir væru þeir að fjárveiting væri þekkt, unnt væri að gera áætlanir og hagræða. Meðal þess, sem talið var til ókosta, var að líkanið tæki aðeins tillit til lágmarkskostnaðar en sleppti mörgum augljósum kostnaðarþáttum. Taka þyrfti mið af þörfum atvinnulífsins, en þar skortir tækni menntað fólk, og samstarfið við atvinnulífidi væri lítills metið. Auk þess þyrfti að breyta launastiku kennara og fækka í námshópum. Í reiknilíkani- nu er ekki gert ráð fyrir þróun námsefnis og tækjakosti við framhaldsnám eða mótframlögum frá fyrirtækjum. Símenntun kennara væri heldur ekki tekin með í reikninginn en þá þyrfti að styðja og efla og gera vinnustað þeirra eftirsóknarverðan.

### ÁLYKTUN FUNDARINS:

Verk- og tækni menntun á háskólastigi er forsenda tækni framfara og öflugrar iðn- þróunar. Öflug háskólakennsla og vísindastarfsemi er nauðsynleg til að unnt sé að bjóða góða menntun á sviði raungreina. Hagsmunafélagið skorar á stjórnvöld að búa sem best að rekstri kennslu og rannsóknna á þessu sviði, m.a. með því að laga svokallað reiknilíkan háskólakennslu að þörfum atvinnulífsins fyrir menntun.

Sömuleiðis eru stjórnvöld hvött til að leita allra leiða til að hleypa atvinnulífinu með virkari hætti að stjórnun og rekstri háskóla.

*Ingi Bogi Bogason*



## Nýir félagsmenn í Samtökum iðnaðarins

### Sænskt hús ehf.

Borgarholtsbraut 11  
200 Kópavogur  
Starfsemi: Húsbyggingar og önnur mannvirkjagerð

### Vefur samskiptalausnir ehf.

Eyrarvegi 29  
800 Selfossi  
Starfsemi: Hönnun vefs og gagnagrunnslausna

# Samstarfsvettvangur um framleiðniaukandi aðgerðir

**Samtök iðnaðarins hafa í samstarfi við Iðntæknistofnun unnið að undirbúningi samstarfsvettvangs um framleiðniaukandi aðgerðir fyrir íslenskt atvinnulíf. Leitað var til Samtaka atvinnulífsins, Nýsköpunarsjóðs og iðnaðarráðuneytis um þátttöku í fjármögnun og framkvæmd. Í síðasta mánuði var ljóst að þessir aðilar kæmu að þessum nýja vettvangi.**

Hlutverk vettvangsins er að stuðla að kynningu og hvatningu til fyrirtæka að þau, í samstarfi við félagasamtök, ráðgjafafyrirtæki og stofnanir, nýti sér ólíkar aðferðir við stjórnun til umbóta á sviði framleiðni og samkeppni sem best þykir á heimsvísu. Starfstími vettvangsins er þrjú ár og verður hann starfræktur á Iðntæknistofnun.

## ÁHERSLUR

Fyrsta verkefni þessa samstarfsvettvangs er að innleiða hér á landi nýja alþjóðlega aðferðafræði við samanburðarmælingar (Benchmarking) á mikilvægustu þáttum í starfsemi framleiðslufyrirtækja. Með tilkomu þessa verkefnis gefst íslenskum fyrirtækjum kostur á að bera sig saman við önnur fyrirtæki á sviði stjórnunar og rekstrar.

Staldrad hefur verið við tvenns konar aðferðir í þessu sambandi. Fyrst ber að nefna aðferðina The United Kingdom Benchmarking Index sem þróuð var fyrir breska iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Síðan er það Microscope sem þróuð var af Business School of London, IBM og West London Council of Education and Training. Bæði þessi mælitæki eru ætluð litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Hið fyrra er talið öflugra og þjónar stórum fyrirtækjum sem smáum. Microscope búnaðurinn er ætlaður litlum og meðalstórum framleiðslu- og þjónustueiningum en hann er sveigjanlegur í notkun og hagkvæmur í rekstri. Báðar þessar aðferðir tengjast í EFQM – líkaninu sem er grundvöllur íslensku og evrópsku gæðaverðlaunanna.

Ákveðið hefur verið að vettvangurinn

muni í fyrstu gerast þátttakandi í evrópskum félagsskap sem styðst við aðferðafræði Microscope. Hér er um að ræða aðferð sem styðst við gagnabanka sem fyrirtæki geta hagnýtt sér til að skoða hvernig þau standa innan sinnar atvinnugreinar eða í samanburði við aðrar greinar. Verklagið við notkun þessa verkfæris er þannig að í hverju þátttökufyrirtæki er myndaður stjórnendahópur sem vinnur með ráðgjafa fyrirtækisins að mælingum og notar til þess árangursmælikvarða og öflug en einföld spurningaeyðublöð sem þróuð hafa verið innan Microscope. Niðurstöðurnar eru skráðar og lagðar inn í gagnabanka en síðan er hægt að kalla fram úrvinnslu þeirra og sýna á myndrænan og skýran hátt helstu styrkleika og veikleika fyrirtækisins og bera saman við þá viðmiðunarhópa sem fyrirtækið velur sér.

Aðferðin hefur verið kynnt í hópi fyrirtækja innan SI sem standa í fremstu röð í ólíkum starfsgreinum. Þau lönd sem nú þegar eru þátttakendur eru: Írland, Belgía, Þýskaland, Ítalía, Austurríki, Bretland, Svíþjóð og Danmörk. Um 1200 fyrirtæki eru í gagnagrunni Microscope í dag.

Unnið hefur verið að því að koma á fót norrænu verkefni í samvinnu við Norræna iðnaðarsjóðinn. Gerð hefur verið verk-


lýsing og hún kynnt sjóðnum. Þarna er um að ræða verkefni sem skoða munu sam-eiginleg atriði þátttökulanda hvað varðar þróun einstakra aðferða á þessu sviði ásamt kynningu á því sem verið er að gera í einstökum löndum. Samstarfsvettvangurinn er jafnframt tengiliður Íslands við önnur félagasamtök á þessu sviði eins og European Benchmarking Forum sem er ráðgefandi aðili Evrópusambandsins um þessi mál og svo GBN (Global Benchmarking Network) sem eru heimssamtök á sviði samanburðarviðmiða.

Aðrar aðgerðir og verkefni, sem samstarfsvettvangurinn mun beita sér fyrir til bættrar framleiðni og samkeppnishæfni, verða til umræðu innan vettvangsins og til frekari skoðunar það tímabil sem hann mun starfa.

Með tilkomu verkefnisins og þátttöku samstarfsvettvangsins í verkefni Microscope verður Ísland fullgildur aðili í samstarfshópi sem hefur unnið að þróun aðferðarinnar og útbreiðslu til annarra svæða.

## FRAMKVÆMD OG NÆSTU ÁFANGUR

Um þessar mundir er verið að ganga formlega frá skipan stjórnarnefndar og verkefnisstjórnar vettvangsins, en stjórnun



Mynd 1. Verklag við notkun Microscope

verkefnisins verður í höndum framan-greindra samstarfsaðila. Fyrstu verkefni verkefnisstjórnar og verkefnisstjóra eru að ganga frá samstarfssamningum, undirbúa þýðingar á gögnum og halda námskeið fyrir ráðgjafa sem síðan munu vinna með einstökum fyrirtækjum í að beita aðferðum Microscope. Þessir verkþættir verða unnir á næstu vikum og mánuðum, en fljótlega verður svo farið að kynna málið nánar fyrir einstökum fyrirtækjum.

Fyrirkomulag verkefnisins verður með eftirfarandi hætti:

- Að koma á fót og starfrækja gagna-banka þar sem fyrirtæki og ráðgjafar getu sótt viðmið til að nota við umbætur á rekstri fyrirtækjanna.
- Gagnabankinn verður notaður við framkvæmd úttektarverkefna hjá völdum fyrirtækjum innan ákveðinna starfs-greina sem hafa það að markmiði að koma á umbótum innan fyrirtækjanna.
- Íslenskum fyrirtækjum verður síðan bætt í gagnabankann í því skyni að gera hann áhugaverðari en ella fyrir íslenska notendur.
- Greiningarþátturinn verður í höndum starfsmanna fyrirtækjanna í samstarfi við ráðgjafa sem fyrirtækin velja sjálf. Daglegur rekstur verkefnisins og samræming verður á ábyrgð starfsmanna Iðntæknistofnunar en framkvæmd umbóta yrði í höndum þátttökufyrirtækja.

Stjórn, félagsmenn og starfsmenn Samtaka iðnaðarins, sem fjallað hafa ítarlega um þetta mál á undirbúningsstigi, vænta mikils af þessu verkefni sem öflugum verkfæri til að meta árangur og setja sér ný viðmið í rekstri með aukna framleiðni og samkeppnishæfni að leiðarljósi.

**KOSTNAÐUR OG FJÁRMÖGNUN**

Í fyrsta hluta verkefnisins er gert ráð fyrir 10-20 þátttökufyrirtækjum sem munu fá aðstoð við að hagnýta sér verkefnið. Upphaflegur stofnkostnaður er fjármagnaður af aðstandendum þannig að þátttökufyrirtækin greiða eingöngu fyrir þann kostnað sem snýr beint að þeim og verður á bilinu 75-125 þúsund krónur á fyrirtæki. Áætlaður heildarkostnaður við þetta verkefni er um 12 milljónir króna á þriggja ára reynslutímabili.

*David Lúdvíksson*

**Lagnakerfamiðstöð Íslands og menntun blikksmiða**

**Á síðustu tveimur önnunum nýrrar námskrár í blikksmiði eiga þeir skólar sem bjóða nám í blikksmiði m.a. að kenna námsgreinar eins og iðn- og tölvuteikningu, meðferð tölvustýrðra véla, plötuvinnu, lóðningar, hlífðargas-suðu, lagnatækni, loftræstítækni og grundvallaratriði um stjórn-búnað loftræstítækja.**

Til þess að geta kennt þessar námsgreinar þurfa viðkomandi skólar að hafa til þess réttar vélar, tæki og aðstöðu. Eflaust eiga einhverjir þeirra skóla sem kenna málmiðngreinar eitthvað af þessum vélum og tækjum. Hins vegar er fráleitt að nokkur þeirra hafi það sem þarf til þess að geta með viðhlýtandi hætti kennt loftræstítækni og um stjórn-búnað loftræstítækja. Ekki einu sinni væntanlegur kjar-naskóli málmiðnaðarins í Borgarholts-skóla gerir ráð fyrir að geta boðið upp á slíka aðstöðu þegar hann verður fullbú-

inn. Hins vegar getur hann - eins og aðrir skólar sem eru með blikksmiðanema á sínum snærum - leitað annað.

Með þeirri myndarlegu aðstöðu sem stefnt er að koma á fót hjá Lagnakerfamiðstöðinni opnast möguleiki á að fylgja eftir þeim kröfum sem gerðar eru til náms í lagna- og loftræstítækni innan blikksmiðafagsins. Þess vegna fagna áhuga-menn um framþróun greinarinnar stofn-un miðstöðvarinnar. Við væntum þess að með tilvist Lagnakerfamiðstöðvarinnar muni þeir skólar sem kenna 5. og 6. önn í blikksmiði í framtíðinni fara þangað með sína nema og leiðbeina þeim þar við góðar aðstæður og með kennslutækjum sem opna enn frekar fyrir þeim hina leyndu dóma loftræstítækninnar. Það er mikilvægur grundvöllur þess að okkur takist að uppfylla faglegar kröfur og standa undir væntingum viðskiptavina okkar og almennings í landinu. Lagna-kerfamiðstöð Íslands verður opnuð laugardaginn 24. nóv. nk. Lagnamenn hafa ástæðu til að fagna þessum merka áfanga.

*Kolviður Helgason  
formaður Félags blikksmiðjueigenda*

**Lagnakerfamiðstöð Íslands og endurmenntun blikksmiða**

**Síðasta hálfan annan áratug hafa meistarar og aðrir fagmenn í blikksmiðafaginu verið aðilar að Fræðsluráði málmiðnaðarins. Mönnum hefur ávallt verið ljóst að í grein eins og blikksmiðinni verða starfsmenn sífellt að halda við þekkingu sinni og bæta við hana í takt við nýja tækni, aðferðir og vélar sem fram koma á hverjum tíma. Fræðsluráðið hefur boðið fjölbreytt námskeið fyrir fagmenn í blikksmiði sem ótví-rætt hafa sannað gildi sitt.**

Hins vegar hefur einn af veiku hlekkjum þessa endurmenntunarstarfs löngum verið skortur á aðstöðu til að setja upp og láta reyna á hin ýmsu afbrigði loftræstítækninnar. Það hefur verið annmörkum háð að bjóða upp á námskeið í þeim fræðum á meðan við höfum ekki aðgang að kennslukerfum og getum því ekki látið reyna á það sem fjallað er um og skoða

orsakir og afleiðingar hinna ýmsu valkos-ta. Þá fyrst koma menn fræðilegu þekkingunni í fingurna og út í blóðið, ef svo má að orði komast.

Á sama hátt og við í blikksmiðafaginu gerum okkur góðar vonir um að yfirstandandi endurskoðun alls framboðs námskeiða í faginu verði til þess að nálgast enn betur raunverulegar þarfir smiðjanna og starfsmanna þeirra þá eru líka bundnar miklar vonir við að sú aðstaða sem Lagnakerfamiðstöðin mun bjóða upp á geri okkur kleift að efla endurmenntunarstarfið á loftræstisviðinu. Það er a.m.k. ljóst að forsenda fyrir virku og gagnlegu endurmenntunarnámskeiðum er að fyrir hendi sé aðstaða og tækjabúnaður. Þá ætti okkur ekki að vera nokkur vorkunn að standa vel að endurmenntun okkar manna en það verður að telja eitt af meginviðfangsefnum í harðnandi samkeppni.

Því er ástæða til að fagna tilkomu Lagnakerfamiðstöðvarinnar og óska henni farsældar í framtíðinni, en hún verður opnuð laugardaginn 24. nóv. nk.

*Gylfi Konráðsson  
blikksmiðameistari*



# Fræðsludagur í boði Samtaka iðnaðarins

**Föstudaginn 26. október sl. buðu Samtök iðnaðarins verðlaunahöfum í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og foreldrum þeirra til fræðsludags.**

Dagskráin hófst með hádegisverði í húsakynnum Samtakanna að Hallveigarstíg 1 þar sem Vilmundur Jósefsson, formaður SI, tók á móti gestum og bauð þá velkomna. Hann gat þess meðal annars að tilefni fræðsludagsins væri að sýna því unga fólki, sem hefði staðið sig með miklum ágætum í nýsköpunarkeppninni, virðingarvott og óskaði hinum ungu hugvitsmönnum til hamingju með frábæra frammistöðu. Vilmundur hvatti þá til að halda áfram á sömu braut og rifjaði upp hið fornkvæða að mjór væri mikils vísir. Að endingu færði hann þeim ársáskrift að tímaritinu Lifandi vísindi að gjöf frá Samtökum iðnaðarins.

Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarfrankvæmdastjóri SI, fjallaði um mikilvægi iðnaðar fyrir þjóðarbúið. Fyrirtæki í iðnaði væru af öllum stærðum og gerðum og veittu mörgum vinnu. Þá fór hann nokkrum orðum um fjölþætt hlutverk SI sem væri fólgið í margvíslegri þjónustu við iðnfyrirtæki til að stuðla að því að þau döfnuðu sem best.

Haraldur Dean Nelson, upplýsingastjóri SI, kynnti m.a. Iðuna (idan.is), vef fyrir ungt fólk, sem hefur að geyma mikinn fróðleik um fjölmörg störf og ótal iðnfyrirtæki en þær upplýsingar geta komið að góðu gagni þegar kemur að vali á námsbraut eða ævistarfi. Því næst skýrði Guðmundur Ásmundsson, iðnaðarverkfræðingur SI, frá því helsta sem Samtökin hafa unnið að í nýsköpunarmálum undanfarin ár.

Þá birtist góður gestur, töframaðurinn Pétur Þókus, sem skemmti hinum ungu

gestum og fylgdarliði þeirra með töfrabrögðum af ýmsu tagi.

Að hádegisverði loknum var farið í heimsókn til þriggja en ólíkra, framsækinnra fyrirtækja sem eru meðal þeirra fremstu hér á landi hvert á sínu sviði í vöruþróun og framleiðslu. Þar fræddist unga fólkið um hvað gerist frá því að hugmynd kviknar þar til ný vara eða þjónusta lítur dagsins ljós.

Fyrst var haldið í Kópavog til Á. Guðmundssonar, sem framleiðir einkum húsgögn fyrir skrifstofur og skóla. Þar tók Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri, á móti gestum. Hann spjallaði fyrst við þá í versluninni þar sem gaf að líta fullbúin húsgögn en bauð hópnum síðan inn í framleiðslusalinn þar sem sjá mátti hvernig hráefni verður að fullbúinni vöru.

Þá lá leiðin í Marel við Höfðabakka en þar tóku á móti gestum þau Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri vöruþróunar,



Eríður hópur verðlaunabafa og foreldra þeirra



Vilmundur Jósefsson formaður Samtaka iðnaðarins ásamt ungu verðlaunabifunum



Ásgeir Ásgeirsson framkvæmdastjóri vöruþróunar Marels sýnir framleiðslu fyrirtækisins



Verðlaunabafar ásamt Guðmundi Ásgeirssyni framkvæmdastjóra Á. Guðmundssonar





Verðlaunabafinn  
Sunna Rán  
Stefánsdóttir komst  
því miður ekki á  
fræðsludaginn en  
heimsótti SI síðar.

Verðlaunabafarnir  
ásamt ásamt Ólafi  
Unnarssyni mat-  
vælafræðingi hjá MS  
við gamlan mjólkubíl.



og Ylfa Jakobsdóttir, starfsþróunarstjóri. Ásgeir kynnti fjölpætta framleiðslu Marels, allt frá litlum vogum til stórra framleiðslulína og hvernig slík teki þróast frá hugmynd til veruleika.

Síðasti áfangastaður var Mjólkursamsalan í Reykjavík. Þar tók á móti hópnum Ólafur Unnarsson, matvælafræðingur í þróunardeild fyrirtækisins. Hann fræddi gesti m.a. um þær stórstígu breytingar sem orðið hafa á framleiðsluháttum MS frá upphafi til þessa dags. Mikla athygli vöktu ýmsir gamlir hlutir frá fyrstu áratugum fyrirtækisins, ekki síst gamli mjólkurbíllinn og mjólkurbrúsarnir en einnig nýjasta tækni sem nú er beitt við fjölbreytta framleiðslu.



Hugnitssamar systur. Helga Höeg, Jóhanna Höeg og Dórothea Höeg Sigurðardóttir komust allar í úrslit.

Þrúðmannleg framkoma hinna ungu gesta vakti hvarvetna athygli. Þeir sýndu mikinn áhuga á öllu sem fram fór og spurðu margs enda fengu þeir greinargóð svör.

Samtök iðnaðarins þakka fyrirtækjunum þremur frábærar viðtökur. Hinir ungu verðlaunahafar báðu einnig fyrir bestu þakkir fyrir fróðlegar upplýsingar, gómsætar veitingar og góðar gjafir sem fyrirtækin færðu þeim.

Guðmundur Ásmundsson



## Málþing um strauma og stefnu upplýsingatækninnar

**Málþing um strauma og stefnu upplýsingatækninnar verður haldið í veislu/ráðstefnusal Þróttar í Laugardal föstudaginn 30. nóvember nk.**

Íslandsdeild Xplor heldur þingið í samvinnu við Samtök iðnaðarins, Prenttæknisstofnun, Félag bókkagerðarmanna og Margmiðlunaraskólann. Á málþinginu verður farið yfir helstu niðurstöður frá árlegu heimsþingi Xplor International 2001 sem haldið var í Orlando í Florida í byrjun mánaðarins. Það er með stærri viðburðum á hverju ári innan greinarinnar og sá vettvangur þar sem tækniframfarir og nýjungar, sem snerta skjótari svörun og hraðari afgreiðslu á upplýsingum frá fyrirtæki til viðskiptavinar, eru í brennidepli.

Gilles Biscos, stjórnarformaður Inter-

Quest, sem er leiðandi fyrirtæki í markaðsrannsóknunum, mun í þinglok taka saman og skýra frá helstu niðurstöðum og nýjungum sem fram hafa komið á þinginu.

Nánari upplýsingar má fá á veffanginu [xplor.netheimar.is/island](http://xplor.netheimar.is/island). Þar er bæði að finna skráningarform og upplýsingar um

fyrirlesara. eða í síma 533 5255 (Sveinbjörn Hjálmarsson), einnig má finna nánari upplýsingar á vefsetri SI, si.is.

Samtök iðnaðarins hvetja sem flesta í prent- og upplýsingatækniiðnaði til að mæta á þingið.

Haraldur Dean Nelson

### Dagskrá:

15.00-15.30	Skráning og kaffi
15.30-15.45	Kynningarávarp SveinbjörnHjálmarsson
15.45-17.00	Xplor 2001 yfirlit um heimsþingið: „Global Conference Report“ Gilles Biscos, InterQuest
17.00 - 17.30	Kaffihlé
17.30 - 18.30	Yfirlit um framfarir og tækifæri í prentun og upplýsingatækni Gilles Biscos, InterQuest
19.00 - 20.00	Kvöldverður og léttar veigar (ráðstefnulok)

Verð: Fyrir Félagsmenn: 12.000 kr.

Utan félagsmenn: 15.000 kr.

Innifalið er kaffi, kvöldverður og léttar veigar í dagslok.

# Starfsafl og Landsmennt

## Fjöldi verkefna í gangi

Um eitt ár er liðið síðan starfsmenntasjóðir ófaglærðra, Starfsafl og Landsmennt, hófu starfsemi. Til þessa verk-efnis er varið hjá þessum sjóðum um 250 milljónum króna á þremur árum. Nokkrir tugir verkefna hafa verið styrktir. Vert er að benda forsvarsmönnum fyrirtækja á að kynna sér möguleika sem þessir sjóðir veita.

Samtök atvinnulífsins áttu aðild að stofnun þriggja sjóða í kjölfar kjarasamninga sumarið 2000: Starfsafls (með Eflingu – stéttarfélagi), Landsmenntar (með Starfs-greinasambandinu) og Starfsmenntar (með Verzlunarmannafélagi Reykjavíkur). Hlutverk sjóðanna er að sinna stuðningsverkefnum, þróunar- og hvatningaraðgerðum í starfsmenntun. Tveir fyrstnefndu starfa fyrir ófaglærða en sá þriðji er einkum á sviði verslunar. Sjóðirnir skulu stuðla að aukinni hæfni starfsfólks og efla samkeppnisstöðu fyrirtækja. Í reglugerð Starfsafls og Landsmenntar eru þessi áherslurtriði:

- Hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun.
- Leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf er tengist starfsmenntun. Þannig verði stuðlað að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi fyrir ófaglærða starfsmenn.
- Kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks.
- Leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu.
- Styrkja nýjungar í námsefnisgerð og endurskoðun námsefnis.
- Styrkja rekstur námskeiða.
- Veita einstaklingum og fyrirtækjum styrki vegna starfsmenntunar samkvæmt nánari reglum stjórnar.

### VERKEFNIN

Starfsemi starfsmenntasjóðanna hefur vaxið jafnt og þétt fyrsta starfsárið. Fjölbreytni í verkefnum er mikil, bæði hvað snertir starfsgreinar og þjónustusvið. Til glöggvunar er hér birt yfirlit um verkefni sem styrkt hafa verið af Starfsafl. Fyrirtæki í ólíkum starfsgreinum hafa sótt um styrk til tiltekinna verkefna. Meðal starfs-

greina og þjónustu má nefna: matvælaíðnað, fiskvinnslu, verktakastarfsemi, ferðaþjónustu, eldsneytissölu, málmíðnað og skipaflutninga. Ýmis verkefni ganga þvert á tilteknar starfsgreinar. M.a. hefur verið mikil eftirspurn eftir íslenskunámi fyrir erlent verkafólk.

### HVER Á AÐ GERA HVAD?

Tilkoma Starfsafls og Landsmenntar

hefur stóraukið möguleika ófaglærðra á að hljóta símenntun við hæfi. Það er því ástæða til að hvetja fulltrúa fyrirtækja til að afla sér upplýsinga um hvort og hvernig unnt er að nýta sér þjónustu þessara félaga.

Starfsmenntaráð, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið, hefur fram að þessu veitt ráðgjöf og fjármuni til starfsmenntunar í atvinnulífinu, þar með talið til starfsmenntunar ófaglærðra. Með tilkomu Starfsafls, Landsmenntar og Starfsmenntar hefur Starfsmenntaráð breytt áherslum sínum og kosið að leggja áherslu á sérstök þemaverkefni. Miklu máli skiptir að samskipti Starfsmenntaráðs og félaganna þriggja séu skýr þannig að forðast megi

### Verkefni Starfsafls og Landsmenntar fyrsta starfsár

Verkefni	Starfsafl - Landsmennt	Meðal samstarfsaðila
Almennt nám	Landsmennt	Þróunarsetrið, Drifandi, Vinnuálastofnun
Byggingaverkamenn	Starfsafl og Landsmennt	MFB, Starfsgreinasambandið, Samtök iðnaðarins
Gullbrúin	Starfsafl	Skref fyrir skref
Gæðastjórnun	Landsmennt	Iðntæknistofnun, Gunnólfur
Hafnarskólinn	Starfsafl	MFA, Samskip, Efling, SGS
Hlaðmannanám	Starfsafl	Miðstöð sim. á Suðurnesjum, FI
Hótel og gistihús	Starfsafl	SAF, MK
Íslenska fyrir útlendinga	Landsmennt	Fjölmennning, Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Íslenskunám	Starfsafl	Myllan-Brauð, Námsflokkar Rvík., Fjölmennning
Jarðlagnotæknanám	Starfsafl og Landsmennt	MFA, Samorka
Landnemar	Starfsafl	MFA/Efling
Leonardóverkefni	Starfsafl	Háskólinn í Glasgow
Grunnmenntaskólinn	Starfsafl	MFA, Efling
MUS (Markviss uppbygging starfsmanna)	Starfsafl og Landsmennt	MSS, MENNT, Fræðslunet Austurlands, Farskóli Norðurlands ásamt 6 fyrirtækjum
Námskeið í matvælaíðnaði	Starfsafl	Samtök iðnaðarins og einstök fyrirtæki
Ræsting og mótuneytisnámskeið	Starfsafl	Efling
Starfsfólk þjónustustöðva olíufélaganna	Starfsafl	Olis, Esso, Skeljungur, MFA
Starfstengd námskeið fyrir starfsfólk ISS	Starfsafl	ISS - Efling
SAF þjónustunámskeið fyrir sumarstarfsfólk	Starfsafl og Landsmennt	SAF, Kvasir
SAF þarfagreining	Starfsafl og Landsmennt	SAF, Starfsmenntaráð
Starfsfólk á hótél- og veitingahúsum	Starfsafl	SAF, MK
Starfsfólk í matvælaíðnaði	Starfsafl og Landsmennt	MFA, MSS og fyrirtæki
Starfsfólk í sláturhúsum	Starfsafl og Landsmennt	MK og fyrirtæki
Starfslokánámskeið	Landsmennt	MFA og Símenntunarmiðstöð Vesturlands
Starfsmenntun í fataiðnaði	Landsmennt	Ísprjón
Starfstengd íslenska, almennt	Starfsafl	Fjölmennning
Starfstengd íslenska fyrir fiskiðnað - þróun á námsefni	Starfsafl og Landsmennt	Fjölmennning
Tölvunámskeið	Landsmennt	Verkalýðsfélagið Vaka, ýmis fyrirtæki á Sigluf.
Upplýsingaveita um nám	Starfsafl og Landsmennt	MENNT, Starfsmenntaráð
Undirstaða réttlig fundin - þarfagreining	Starfsafl og Landsmennt	Fræðsluráð málmíðnaðarins, Starfsmenntaráð, SGS, Efling SGS
Vegvisir í pólsku	Landsmennt	Alþýðusamband Vestfjarða og Austfjarða
Vika símenntunar	Starfsafl og Landsmennt	Mennt fyrir menntamálaráðuneytið
Viskubrunnurrinn	Landsmennt	Símei, Eining - Iðja, Skref fyrir skref, ÚA
Þjónustunámskeið fyrir hótél- og veitingastaði	Landsmennt	Verkalýðsfélag Húsavíkur, einstök fyrirtæki
Ömmubakstur	Starfsafl	Tölvuskólinn, Þekking

tvíverknad í starfsemi þeirra. Skilningur hefur verið á þessu milli aðila.

#### STJÓRNVÖLD SÝNI ÁBYRGÐ

Starfsafli, Landsmennt og Starfsmennt er ætlað að mæta þörf ófaglærðra fyrir starfsmenntun á vinnuþaði. Fljótlega kom í ljós að þörf fyrir menntun er ekki bundin við faglega hluti heldur hafa önnur atriði staðið í vegi fyrir því að starfsfólk ráði við vinnu sína, t.d. tungumálaörðugleikar. Undanfarið hefur erlendu starfsfólki fjölgað í vissum atvinnugreinum. Það hefur skapað vandamál í stærra mæli en áður eru kunn. Af þessari ástæðu var mjög sótt á sjóðina að styrkja íslenskunám á vinnustað. Það hefur verið gert með vissum skilyrðum þótt ekki sé ljóst hver ber ábyrgð á íslenskukennslu fyrir út-lendinga.

Fulltrúar Starfsafli og Landsmenntar hafa átt fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytis vegna íslenskukennslu fyrir erlent starfsfólks. Starfsafli og Landsmennt hafa óskað eftir þátttöku menntamálaráðu-neytisins í þessum verkefnum, bæði hvað varðar úrlausnir og fjármögnun enda rétt að líta svo á að íslenskukennsla fyrir út-lendinga sé fyrst og fremst samfélagslegt verkefni fremur en verkefni atvinnulífsins. Því sé erfitt fyrir starfsmenntasjóði atvinnulífsins að koma að þessum málaflokki nema með vilja og vitund ráðuneyta menntamála og félagsmála. Meðan stjórnvöld marka ekki reglur í málaflokknum og taka ekki beinan þátt í einstökum verkefnum er erfitt fyrir atvinnulífið að vinna sitt verk.

#### TÆKIFÆRI FYRIR FYRIRTÆKI

Eins og sést á meðfylgjandi töflu hafa Starfsafli og Landsmennt styrkt mörg ólík verkefni. Fyrirtækjum sem reida sig á ófaglært vinnuafl er bent á að kynna sér möguleika til að koma á fót sérstökum verkefnum fyrir þetta starfsfólk. Vefsíðurnar eru þessar: starfsafli.is og landsmennt.is. Marianna Traustadóttir, verkefnisstjóri hjá Starfsafli, og Kristín Njáladóttir, verkefnisstjóri hjá Landsmennt, gefa nánari upplýsingar um starfsemina.

*Ingi Bogi Bogason*

## Byggingarstjóri ber ábyrgð á öryggisráðstöfunum

**Verkstjóri eins fyrirtækis ber ábyrgð vegna slyss sem starfsmaður hans varð fyrir á vinnustað, þar sem annað fyrirtæki var samkvæmt samningi að vinna verkið.**

Nýverið féll dómur í héraðsdómi Norðurlands Eystra í máli ákærvaldsins gegn verkstjóra hjá byggingarfyrirtæki. Samkvæmt ákæru hefði verkstjórinn brotið gegn lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Sök hans samkvæmt ákærinni var sú að hann hefði vanrækt að tryggja öryggi og heilsu starfsmanna, sem voru að rífa þak af íþróttaskemmu, með því að tryggja ekki að fullnægjandi fallvarnir væru staðnum, m.a. handrið og merkingar á þakinu um lítið burðarþol og gera ekki ráðstafanir til að afstýra slysi, þrátt fyrir að ljóst væri að fallvarnir væru ekki fullnægjandi. Vegna skorts á fullnægjandi öryggisráðstöfunum á vinnustaðnum hefði starfsmaður fallið af þakinu niður á gólf hússins og stórslasast. Þess var krafist af hálfu ákærvaldsins að ákærði yrði dæmdur til refsingar. Verjandi mannsins krafðist sýknu, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa.

#### MALAVEXTIR:

Málavextir voru í stuttu máli þeir að starfsmaðurinn og ákærði voru starfsmenn sama fyrirtækisins. Ákærði ók honum að íþróttaskemmuni árla þessa dags. Starfsmaðurinn var verkamaður en ákærði iðnmeistari og skráður verkstjóri. Starfsmaðurinn var einungis búinn að vera í vinnu í á annan mánuð þegar slysið átti sér stað. Hlutverk hans var að aðstoða tvo starfsmenn annars fyrirtækis, Á ehf., við rif á þaki. Ákærði fór að sækja verkfæri en á meðan hóf starfsmaðurinn störf á þakinu. Slysið átti sér stað með þeim hætti að við störfin var staðið á vinnupalli sem starfsmenn Á ehf. höfðu útbúið og þaðan beitt kúbeini sem var smeygt undir þakborðin og þau þannig spennt upp. Undir borðunum voru mjög veigalítil valborð, sem ekki voru rifin samhliða, og huldu þau því þann hluta þaksins, sem búid var að rífa þakborðin af. Þegar starfsmaðurinn var að rífa upp eitt þakborðanna hrökk kúbeinið skyndilega af borðinu og við það missti hann jafnvægið, steig aftur fyrir sig út af pallinum, á valborð og féll niður um þakið og lenti á steinsteyptu gólfi skemmunnar. Gerðist þetta aðeins nokkrum mínútum eftir að hann hóf störf. Ákærði bar að

fyrirtæki hans hefði lánað þennan starfsmann í þetta verkefni. Það sé alþekkt í byggingariðnaði að starfsmenn séu lánaðir milli fyrirtækja. Ákærði kvaðst ekki hafa gefið starfsmanninum neinar upplýsingar eða leiðbeiningar um verkið umfram það að hann ætti að vinna að rífi á þaki skemmunnar. Hann hafi ekki verið verkstjóri á þessum vinnustað enda sá fyrirtæki Á ehf. um þetta verk samkvæmt samningi þar um. Ákærði kvaðst jafnframt ekkert hafa vitað um aðstæður á vinnustað en taldi að þær hafi ekki verið miklu verri heldur en gengur og gerist við þakviðgerðir.

Samkvæmt því sem starfsmaðurinn sjálfur bar fyrir dóminum var það verkstjóri Á ehf. sem sagði honum til verka á þakinu. Þó leit hann ekki á þann mann sem verkstjóra heldur samstarfsmann. Ákærði hefði einungis skýrt sér frá hvað ætti að gera. Hann hefði ekki verið varaður við valborðunum og hann hefði enga grein gert sér fyrir að þau væru svona þunn og héldu engu. Hann hefði því ekki gert sér grein fyrir þeirri hættu sem fylgdi því að vinna á þakinu. Verkstjóri Á ehf. kvaðst hafa sýnt starfsmanninum handtökin við verkið, hvernig standa ætti að rífa þaksins en ekki gert sér grein fyrir því að vinnuadstæður á þakinu uppfylltu ekki fyrirmla laga og reglugerða. Honum væri kunnugt um að menn væru lánaðir milli fyrirtækja. Starfsmaður Vinnueftirlits ríkisins taldi að bæta hefði þurft úr flest öllu viðvíkjandi fallvörnum. Var eftirlitsskýrslan send fyrirtæki þess slasaða og ákærða.

#### NIDURSTAÐA:

Dómarinn taldi sannað að Á ehf. hefði tekið að sér að rífa þak íþróttaskemmunnar; að verkstjórn verksins hafi verið í höndum verkstjóra Á ehf. en ekki ákærða. Þó verði að hafa í huga að ákærði var verkstjóri starfsmannsins hjá fyrirtæki þeirra og að hann ákvað að koma starfsmanninum að íþróttaskemmuni og setja hann til starfa við þakið. Einnig taldi dómarinn að þar sem ákærði hefði komið upp á þak íþróttaskemmunnar er Á ehf. var að hefja þar störf hefði hann átt að efast um að vinnuadstæður á þakinu væru fullnægjandi. Hefði honum því borðið að fara upp á þak og kanna hvort aðstæður væru fullnægjandi þar áður en starfsmaðurinn var sendur upp. Hefði ákærði jafnframt átt að gera starfsmanninum grein fyrir þeim hættum sem gætu fylgt starfinu ekki síst þar sem

*Framhald á bls. 15*





# Nauðsyn að ræða inngöngu í ESB

„Á meðan Íslendingar eru ekki tilbúnir að ræða inngöngu í


**ESB og upptöku Evru í stað íslensku krónunnar er allt tal um alþjóðavæðingu ótrúverðugt,“ segir Ingjaldur Hannibalsson.**

Viðskipta- og hagfræðideild hélt fyrir skömmu ráðstefnu undir heitinu „Hvert verður hlutverk okkar?“ og var ný heimsmynd eftir atburðina 11. september sl. í bakgrunni. Meðal fyrirlesara var dr. Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við viðskiptadeild HÍ.

Í erindi sínu, sem hann nefndi „Í orði eða á borði“, kom fram að á sama árafjölda og rætt og ritað hefur hér á landi um nauðsyn alþjóðavæðingar hafa Íslendingar verið að dragast aftur úr öðrum þjóðum í utanríkisviðskiptum. Alþjóðavæðing er því komin mun skemur en menn gera sér grein fyrir. Hlutfall útflutnings vöru og þjónustu af vergri þjóðarframleiðslu er um 35% hér á landi og hefur farið lækandi yfir langt tímabil meðan það hefur farið vaxandi í samkeppnislöndum okkar.

Á síðasta áratugi jókst heimsframleiðslan um 20% en verg landsframleiðsla jókst

Útflutningur vöru og þjónustu sem hlutfall af vergri landframleiðslu 1965-1997.



(Heimild; Þjóðhagsstofnun)

meira á Íslandi, eða um 23%. Á sama tíma jókst heimsviðskiptin um 60% en útflutningur frá Íslandi aðeins um 35%. Það þýðir að við höfum verið að tapa markaðshlutdeild í alþjóðaviðskiptum.

Þjónustuútflutningur er um þriðjungur af gjaldeyristekjum Íslendinga en hann er t.d. um 50% af gjaldeyristekjum Dana. Þetta þýðir að útflutningur okkar er aðallega byggður á náttúruauðlindum. Hjá háþrúðum þjóðum er útflutningur á þjónustu í fyrirrúmi.

Niðurstaða Ingjalds er afgerandi. Ef við viljum alþjóðavæða íslenskt efnahagslíf þarf að grípa til aðgerða sem leiða til slíks. Ræða þarf af alvöru um inngöngu Íslands í ESB eða eins og Ingjaldur orðaði það: „Á meðan Íslendingar eru ekki tilbúnir að ræða inngöngu í ESB og upptöku Evru í stað íslensku krónunnar er allt tal um alþjóðavæðingu ótrúverðugt.“

Ingí Bogi Bogason



## Fer álagning bankanna hækkandi?

**Vaxtamunur og þjónustugjöld eru álagning bankanna fyrir veitta þjónustu. Margt bendir til þess að hún hafi hækkað undanfarin misseri. Samtök iðnaðarins hafa óskað eftir því við iðnaðar- og viðskiptaráðherra að málið verði kannað.**

Í bréfi Samtaka iðnaðarins til ráðherrans um málið kemur fram að samkvæmt þeim upplýsingum, sem Samtökin hafa getað aflað sér, hefur munur inn- og útlánsvaxta íslenskra lánastofnana aukist verulega og

þóknarir fyrir veitta þjónustu hækkað að sama skapi á undanförunum misserum. Með öðrum orðum hafi álagning lánastofnana hækkað verulega. Samtökin segja í bréfi sínu að þeim sýnist þessi þróun hafi fylgt miklum vaxtahækkunum hér innanlands en beri auk þess vitni um minnkandi samkeppni á þessu sviði. Hagræðing vegna aukinnar tækni og samþjöppunar í fjármálaþjónustu virðist ekki skila sér til viðskiptavina þessara fyrirtækja. Haldgóðar upplýsingar um þessa þróun liggi hins vegar ekki á lausu, hvorki hjá Seðlabanka

Íslands né hjá Fjármálaeftirlitinu.

Eins og áður segir fara Samtök iðnaðarins þess á leit í bréfinu að ráðherra beiti sér fyrir því að Fjármálaeftirliti, Seðlabanka Íslands eða öðrum opinberum hlutlausum aðila verði falið að gera athugun á þessari þróun síðustu 8-10 ár og niðurstöður úr verði birtar opinberlega svo fljótt sem kostur er.

Nánari upplýsingar um þetta og bréfið í heild má finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins, si.is.

# Álit stjórnenda í byggingar-, matvæla- og upplýsingatækniiðnaði: Mikill ávinningur af gæðastjórnun

Fáir staðlar hafa meiri útbreiðslu í heiminum og áhrif á gæðastjórnun fyrirtækja en ISO 9000. Ný útgáfa er komin í íslenskri þýðingu og er þess vænst að hún verði mjög til bóta fyrir núverandi notendur sem og þau fjölmörgu fyrirtæki sem hafa verið að biða eftir þeim.

Efnt var til ráðstefnu 12. október sl. þar sem forsvarsmenn fyrirtækja í byggingar-, matvæla- og upplýsingatækniiðnaði greindu frá reynslu sinni af gæðastjórnun og þeim ávinningi sem ISO 9000 hefur skilað þeim í rekstri og framleiðslu. Auk þess kynntu fulltrúar ráðstefnunnar nýja uppbyggingu og ásýnd ISO staðlanna og sögðu frá helstu stefnum og straumum á þessu sviði hér heima og erlendis.

Bergsteinn Einarsson forstjóri Sets hf. á Selfossi ræddi mikilvægi gæðastjórnunar í alþjóðlegri samkeppni og sýndi á myndrænan og áþreifanlegan hátt hvernig þróun og velta fyrirtækisins hefði haldist í hendur við öflug gæðastarf.

Helgi Jóhannesson framkvæmdastjóri Norðurmjólkur sagðist sjálfur hafa tekið þátt í að gagnrýna gæðakerfi áður en hann kom að fyrirtækinu, en á þeim stutta tíma sem hann hefur verið hjá Norðurmjólk hafi hann sannfærst um að hann og starfsmenn sínir vilji ekki vera án gæðakerfis í dag. Ávinningurinn er svo margvíslegur og áþreifanlegur þó erfitt sé að gera hann upp í krónum og aukum. Gæðakerfið hefur sífellt orðið skilvirkara og um leið leitt af sér betra fyrirtæki, sem er agaðra og minna er um sveiflur. Útflutningur er nokkur og úttekktir í því sambandi ganga vel. Aðal atriðið er að starfsmenn og viðskiptavinir fyrirtækisins eru ánægðari og í dag er gæðakerfið í raun gróið inn í vinnustaðinn.



Framsögumenn á ráðstefnu um ISO 9000. F.v. Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, varaformaður Staðlaráðs Íslands og stjórnarformaður Vottunar hf., Helgi Jóhannesson framkvæmdastjóri Norðurmjólkur ehf., Sigurjón Pétursson forstjóri VKS hf., Bergsteinn Einarsson forstjóri Sets hf. og Kjartan J. Kárason framkvæmdastjóri Vottunar hf. Fundarstjóri var Guðrún Ragnarsdóttir formaður Stjórnvísí, félags um framsækna stjórnun

Sigurjón Pétursson, forstjóri VKS sagði frá sinni reynslu af gæðakerfum sem væri mjög jákvæð. Hjá VKS eru gæðakerfi og stjórnkerfi fyrirtækisins eitt og hið sama. VKS hlaut íslensku gæðaverðlaunin árið 1999. Þróun og uppbygging gæðakerfisins hefði átt sér stað í öflugum hugbúnaðarumhverfi sem jafnvel stæði öðrum fyrirtækjum til boða. Hann sagði að vottun Kögunargrúppunnar stæði yfir og að gæðakerfi VKS hefði í raun verið góður kaupbætur þegar Kögun keypti VKS.

Skemmst er frá því að segja að framsögumenn voru á eitt sáttir um að innleiðing gæðastjórnunar með ISO 9000 hafi aukið samkeppnishæfni fyrirtækjanna, stórbætt reksturinn og lagt grunn að öflugri starfsemi á komandi árum. Rúmlega hundrað gestir sóttu ráðstefnuna sem haldin var í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs. Aðstandendur hennar voru auk Samtaka iðnaðarins: Staðlaráð Íslands, Vottunar hf. og Stjórnvísí – félag um framsækna stjórnun.

Nánari upplýsingar um ISO staðla og

vottanir veita Davíð Lúðvíksson hjá SI í síma 511 5555, Hjörtur Hjartarson kynningarfulltrúi Staðlaráðs Íslands í síma 520 7150 (vefsetur.stadlar.is) og Kjartan J. Kárason framkvæmdastjóri Vottunar hf. í síma 570 7235.



## Starfsmannaskipti hjá SI

**Eyjólfur Bjarnason er kominn aftur til starfa hjá Samtökum iðnaðarins sem sérfræðingur á sviði bygginga- og verktaka-starfsemi.**

Eyjólfur, sem er byggingatæknifræðingur að mennt starfaði áður hjá SI á árunum 1996 til 2000 en hefur síðasta ár starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Háfelli ehf. Fyrir 1996 starfaði Eyjólfur m.a. í tólf ár hjá Ísafjarðarkaupstað, lengst af sem forstöðumaður tæknideildar.

Eyjólfur tekur við starfi Guðmundar Þórs Sigurðssonar sem hefur hætt störfum hjá Samtökunum. Um leið og Samtök iðnaðarins þakka Guðmundi Þór fyrir samstarfið bjóða þau Eyjólf velkominn aftur til starfa.



# Kaffitár hlaut Fjöreggið

**Matvæladagur Matvæla- og nær-ingarfræðafélags Íslands (MNÍ) var haldinn 19. október, sl., undir yfirskriftinni Matur – Hollusta – Pólítík. Fjallað var m.a. um þróun matvöruverðs og áhrif stjórnvalda á verðlag, skoðað hvernig lífsstíll tengist neysluvenjum og fjallað um stefnu íslenskra stjórnvalda og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar Sameinuðu þjóðanna í manneldismálum. Ráðstefnan tókst vel í alla staði og voru þátttakendur á annað hundrað.**

Samtök iðnaðarins gáfu, eins og undanfarin ár, verðlaunagrip sem veittur var á ráðstefnunni fyrir lofsvert framtak á matvælasviði. Gripurinn, sem er hannaður og smíðaður hjá Gleri í Bergvík, gengur undir nafninu Fjöregg MNÍ. Að þessu sinni hlaut Kaffitár Fjöreggið fyrir fjölbreytta framleiðslu og nýstárlega markaðssetningu á kaffivörum á Íslandi. Í dómnefnd sátu Sveinn Hannesson, Samtökum iðnaðarins, Skúli Þór Magnússon, ÁTVR og Laufey Steingrimsdóttir, Manneldisráði.

Í álitni dómnefndarinnar kom fram að Kaffitár hefði skapað sér sérstöðu á íslenskum matvælamarkaði með fjölbreyttu vöruúrvali, líflægum og vönduðum umbúðum og markvissri markaðssetningu á kaffivörum. Aðalheiður Héðinsdóttir, kaffimeistari og forstjóri Kaffitárs, pakkaði sjálf í fyrstu kaffipökana fyrir rúmum 10 árum en nú hefur starfsmönnum fjölgað í nær 50. Kaffitár rekur kaffibrennslu í Njarðvík og tvö kaffihús á höfuðborgarsvæðinu, og hefur alla tíð lagt mikið upp úr ferskleika hráefna og afurða. Þá hefur fyrirtækið haldið námskeið til að kynna Íslendingum heim kaffisins og gefið út bæklinga og bók með ýmsum fróðleik um kaffi.

Í þakkarorðum sínum gat Aðalheiður þess að það væri tvennt sem hún væri hvað stoltust af, annars vegar að hafa kynnt kaffi sem ferskvöru fyrir Íslendingum en hins vegar að hafa búið til nýja stétt manna sem eru kaffiþjálfarar. Kaffitár leggur kapp á markvissa starfsþjálfun og er afrakstur þess m.a. tveir Íslandsmeistarar kaffiþjálfara sem einnig hafa náð langt í alþjóðlegum samkeppnum. Frekari upplýsingar um fyrirtækið má finna á vegglegri vefsíðu þess kaffitár.is Sam-tök iðnaðarins

senda Kaffi-tári og starfsmönnum þess hugheilar hamingjuóskir með viðurkenninguna.

Aðrar tilnefningar, sem vöktu sérstaka athygli dómnefndar, voru *Orkuveita Reykjavíkur* – vatnsveita fyrir gæðastjórnun við vatnsmiðlun, *Pottagaldrar* fyrir kryddblöndur fyrir krakka og *Mjólkursamlag Ísfríðinga* fyrir PRÍMUS orkudrykk.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, afhendir Aðalheiði Héðinsdóttur hjá Kaffitári Fjöreggið

## Samtök fyrirtækja á Norðurlandi Stofnuð hafa verið ný samtök atvinnurekenda

**Markmið með stofnun samtakanna er að vinna að hagsmunum fyrirtækja á starfssvæði félagsins og þrýsta á aðgerðir til að tryggja jafna stöðu fyrirtækja á landsbyggðinni við fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess vilja samtökin stuðla að uppbyggingu og aukinni fjölbreytni atvinnulífs á svæðinu og skapa vettvang fyrir fyrirtæki til að koma sjónarmiðum atvinnulífsins á landsbyggðinni á framfæri.**

Það sem ýtti harkalegast við mönnum um stofnum þessara samtaka var nýtt gjald sem Eimskipafélagið ákvað að innheimta vegna framhaldsflutninga. Verkefnið eru hinsvegar mörg þar sem ljóst er að fyrirtæki á landsbyggðinni búa á margan hátt við önnur og verri rekstrarskilyrði en fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu. Flutningskostnaðurinn er að sliga fyrirtækin og landsbyggðarfólk borgar umtalsvert hærri virðisaukaskatt þar sem hann er einnig lagður á flutningana. Þannig er neysluvara oft orðin 6% dýrari á Akureyri en í Reykjavík og 14% dýrari á Þórshöfn svo dæmi sé

tekið miðað við sömu álagningu verslunar.

Sé eitthvað á bak við það orðagjálfur að stöðva eigi fólksflóttann frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins, þá verða fyrstu aðgerðir stjórnvalda að vera þær að tryggja að rekstrarumhverfi fyrirtækja, sem eru undirstaða líf skjara fólksins í þessu landi, sé svipað. Ljóst er að þessi viðbótar-kostnaður hefur afar neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækjanna. Það verður því fyrsta verk nýrrar stjórnar félagsins að vinna að lausn þessa máls í samvinnu við stjórnvöld, flutningafyrirtæki og önnur hagsmunasamtök atvinnurekenda í landinu.

Á stofnfundinum sem haldinn var 1. nóvember mættu u.þ.b. 100 manns sem segir e.t.v meira en mörg orð um að forsvarsmenn atvinnulífsins telja brýnt að tekið sé á þessum vanda Í stjórn Samtaka fyrirtækja á Norðurlandi voru kjörin þau Rósa Guðmundsdóttir, Ásprenti-POB, Þórarinn Kristjánsson, Gúmmívinnslunni, Valgerður Kristjánsdóttir, Fóðurverksmiðjunni Laxá, Elín Gunnarsdóttir, Dekkjahöllinni, og Gunnar Örn Gunnarsson, Kísiliðjunni.

Ásgeir Magnússon



# Framtíð nýsköpunar í norrænni matvælaframleiðslu

**Norræni iðnaðarsjóðurinn boðar til tveggja daga ráðstefnu um framtíð nýsköpunar í matvælaframleiðslu í samvinnu við rannsóknasjóði á Norðurlöndum og Lífsgæðaáætlun Evrópusambandsins.**



Ráðstefnan verður haldin í Stokkhólmi 28.-29. janúar á næsta ári. Fyrri daginn verður fjallað um ýmis málefni sem varða viðhorf til matvælaframleiðslu í heiminum, þ.á.m. vöruna sjálfa og markaðinn. Einnig verður til umræðu mikilvægi samstarfs yfirvalda, neytenda og framleiðenda til að tryggja samfellda og örugga framleiðslu-keðju og stuðla að gagnkvæmu trausti og rekjanleika, öryggi, traust og heilbrigði frá sjónarhóli neytenda. Þá verður fjallað um tækifæri sem skapast með rannsóknasamstarfi milli háskóla og fyrirtækja.

Síðari daginn verða ræddir möguleikar Norðurlandanna í samkeppni við aðra og verður í umfjölluninni byggt á efni fyrri dagsins. Þar verður gerð grein fyrir því hvað þarf til að skapa vörumerki með örugga fótfestu og hvort uppruni eða norræn ímynd geti orðið því ferli til framdráttar. Að lokum verður sagt frá nýsköpunarverkefnum í norrænum matvælaíðnaði sem hafa tekist vel.

## FYRIRTÆKJASTEFNUMÓT

Í tengslum við ráðstefnuna verður efnt til fyrirtækjastefnumóts (brokerage event). Að því standa, ásamt Norræna iðnaðarsjóðnum, tvö samstarfsnet um Evrópurannsóknir, Partners for Life og nýsköpunarmiðstöðvar Evrópulandanna (Innovation Relay Centers). Á fyrirtækjastefnumótinu gefst m.a. tóm til að ræða:

- tækniyfirfærslu og viðskiptasamstarf
- nýtingu niðurstaðna úr rannsóknum
- tækniþróun með þátttöku í rammaáætlunum Evrópusambandsins

Sá vettvangur er kjörinn fyrir íslensk fyrirtæki, rannsóknastofnanir og háskóla-deildir á matvælasviði til að kynna hugmyndir sínar um samstarf og hitta félaga

frá öðrum löndum. Rétt er að geta þess að ráðstefnan og fyrirtækjastefnumótið eru alls ekki einskorðuð við Norðurlönd heldur er vænst þátttakenda hvaðanæva að úr Evrópu. Partners for Life og IRC samstarfsnetin tryggja að þar verða tengiliðir frá öllum aðildarríkjum rammaáætlunar ESB.

Tímasetningin er hentug m.t.t. þess að þeir, sem ætla að nota sér síðasta umsóknarfrest í CRAFT 28. febrúar, geta notað þetta tækifæri til að hitta samstarfsaðila og leggja síðustu hönd á umsóknir þangað. Sjötta rammaáætlunin er skammt undan þannig að þetta er kjörið tækifæri til að kynna sig og sínar hugmyndir að samstarfsverkefnum sem falla að markmiðum hennar.

Hægt er að skrá sig á ráðstefnuna og fyrirtækjastefnumótið og fá nánari upplýsingar á netinu á veffanginu [nordicinnovation.net](http://nordicinnovation.net).

*Ragnheiður Héðinsdóttir*

## Framhald af bls. 11

um mjög ungan og óreyndan starfsmann var að ræða.

Með framangreindu athafnaleysi hafi ákærði brotið gegn 14. og 23. gr., sbr. 21. gr., allt sbr. 99. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Dómarinn bendir jafnframt á að ákærði hafi verið byggingarstjóri á öllu verkinu. Honum hafi borið sem slíkum að sjá um að viðhafðar væru ítrustu öryggisráðstafanir á vettvangi m.a. vegna þeirra starfsmanna sem þar voru við störf. Dómurinn telur miðað við það sem áður

## Verðmyndun á gasolíu (dieselolíu)



**Samtök iðnaðarins hafa sent iðnaðarráðherra bréf þar sem óskað er eftir því að ráðherra beiti sér fyrir því að athugun á verðmyndun olíu hér á landi, sem nú hefur staðið yfir í u.þ.b. eitt ár, verði hraðað eins og kostur er.**

Í bréfinu benda Samtökin meðal annars á að samkvæmt þeim upplýsingum sem þau hafa aflað sér hafi verð á gasolíu á heimsmarkaði lækkað mjög mikið undanfarna mánuði. Á sama tíma hafi verð á gasolíu hér á landi lækkað óverulega. Verð á bensíni og skipaolíu hafi lækkað nokkuð um síðustu mánaðamót í kjölfar háværra mótmæla samtaka bifreiðaeigenda og útgerðarmanna en þá lækkaði gasolía til almennra nota ekkert. Verðþróun á þessum eldsneytistegundum erlendis skýri ekki þennan mun.

Eins og fram kemur hér að ofan benda Samtökin á að athugun á verðmyndun olíu hér á landi hafi nú staðið yfir í um það bil eitt ár. Fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins eru í heild stærstu kaupendur gasolíu hér á landi til notkunar í iðnaði og flutningum. Í ljósi þessara miklu hagsmuna og þeirrar fákeppni, sem er á íslenskum olíumarkaði óska Samtök iðnaðarins eftir því að ráðherrann beiti sér fyrir því að þessari athugun verði hraðað eins og kostur er.

Nánari upplýsingar um þetta og bréfið í heild má finna á vefsetri Samtaka iðnaðarins, [si.is](http://si.is).

er greint að ákærði hafi ekki rækt þessar skyldur sínar á fullnægjandi hátt. Hins vegar var ákærði ekki dæmdur vegna þessar vanrækslu þar sem ákæran varðaði einungis starf ákærða sem verkstjóra.

Það má leida af þessum hugleiðingum dómarans að hann telji að byggingarstjóri beri ábyrgð á öryggisráðstöfunum í samræmi við gr. 56.6 í byggingarreglugerð. Þar kemur m.a. fram að byggingarstjóra og iðnmeisturum sé skylt að sjá um að viðhafðar séu fyllstu öryggisráðstafanir, eftir því sem aðstæður leyfa.

*Ólafur Helgi Árnason*

Orkuþing 2001

# Fyrirhuguð djúpborun á Íslandi

Á nýafstöðnu Orkuþingi voru flutt mörg fróðleg erindi tengd orku-málum. Á meðal þeirra var erindi um fyrirhugaða djúpborun á Íslandi. Hér á eftir er stuttur útdráttur úr erindinu sem flutt var af Guðmundi Ómari Friðleifssyni, Orkustofnun, en fleiri komu að gerð þess.

Kynnt var hugmynd um að bora 4 til 5 km djúpa rannsóknarholur í háhitasvæði landsins. Markmiðið er að finna yfirkritískan jarðhitavökva djúpt í rótum háhitasvæðanna, rannsaka hann og kanna nýtingarmöguleika hans. Vitað er að yfirkritískan jarðhita er að finna á þessum stöðum en ekki er vitað hvort hann er í vinnanlegu magni. Hreint vatn sýður við 100°C við yfirborð jarðar en með auknu dýpi og þar með auknum þrýstingi sýður það við stöðugt hærra hitastig þar til komið er að kritískum mörkum við tæplega 375°C og rúmlega 222 bara þrýsting. Við hærra hitastig og þrýsting er vatnið í einum fasa, einskona gasfasa, og hvorki sýður né þéttist við hita- eða þrýstingsbreytingar ofan kritísku markanna. Neðan kritískra marka skilst vatn hins vegar í tvo fasa við suðu, þ.e. vatn og gufu.

Ljóst er að orkuinnihald vökva í þessu ástandi er fírnahátt, en óljóst er hvort tekst að nýta það með hagkvæmum hætti. Til að átta sig á því hvert orkuinnihaldið er hefur verið nefnt að því megi helst jafna við orku í jafnþyngd af dýnamíti. Grundvallar-spurningin er hvort vinna megi margfalt meiri orku úr háhitasvæðum en unnt er með hefðbundinni tækni. Með djúpvinnslu



má væntanlega auka líftíma jarðhitakerfanna, draga úr umhverfisáhrifum, auka nýtni vinnslunnar umtalsvert og jafnvel vinna verðmæt steinefni og málma úr djúpvökvanum. Áhersla verður lögð á heildstæða vinnslu auðlindanna sem þýðir að fléttað verður saman framleiðslu á

raforku, framleiðslu á varmaorku fyrir iðnað, lífræni og ólífræni efnavinnslu og skipulagðri fræðslu og ferðamennsku. Verkefnið er ekki einvörðungu áhugavert fyrir Ísland, heldur einnig í alþjóðlegu tilliti þar sem líklega má yfirfæra reynsluna héðan á háhitasvæði vítt og breytt um heiminn bæði á landi og á hafsbótunni.

Talið hefur verið að Ísland henti vel til slíkra rannsókna þar sem landið er staðsett á miðju rekkbelti jarðskorpuplatna á úthafshrygg. Hér er bæði hægt að skoða háhita-kerfi sem flytja varmaorku til yfirborðs með missöltu sjávarættuðu vatni eins og á Reykjanesi og með tiltölulega fersku úrkomuvatni eins og á Hengilssvæðinu og á Kröflu svæðinu.

Til þessa hafa Hitaveita Suðurnesja hf., Landsvirkjun og Orkuveita Reykjavíkur staðið að þessu verkefni með ráðgjöf frá Rannsóknasviði Orkustofnunar. Leitað hefur verið eftir alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir aðrar en nýtingarrannsóknir og hefur miðað vel í þeim efnum. Ef áætlanir um verkefnið ganga eftir má búast við að ýmsum undirbúningi, svo sem hagkvæmniathugunum og umhverfismati, verði lokið á næstu tveimur árum þannig að boranir geti hafist árið 2004.

Ólafur Kjartansson

## Aðalfundur Landssambands veiðarfæragæða



Aðalfundur Landssambands veiðarfæragæða var haldinn 2. nóvember sl. hjá SI. Á fundinum tilkynnti Magni Guðmundsson að hann hygðist taka sér frí frá formennsku enda búinn að vera formaður LV í 13 ár. Þökkuðu fundarmenn honum fórnfúst og gott starf fyrir LV undanfarin ár. Nýr formaður Landssambandsins var kjörinn Guðmundur Gunnarsson, Hampiðjunnur og nýr maður í stjórn Kári Páll Jónasson, Neta-gerðinni Höfða Húsavík.

Að afloknum hefðbundnum aðalfundarstörfum þakkaði Guðmundur fundarmönnum traustið og Magna fyrir vel unnin störf. Guðmundur vék síðan að málum sem hann vildi beita sér fyrir en það eru einkum fræðslu- og kynningarmál. Fundinum lauk með kynningu Hampiðjunnar á starfsemi fyrirtækisins og nýjum vörum.

**si.is**

Vefsetur íslensks iðnaðar og Samtaka iðnaðarins

Eini vefur sinnar tegundar á Íslandi

**iðan.is**

Veldu þér framtíð